

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 9.12, var haldinn 181. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Mór Jakobsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

### (A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 17. febrúar 2017.

2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, breyting vegna Borgarlínu, verklýsing Mál nr. SN170150

Lagt fram bréf svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 14. febrúar 2017 ásamt drögum að verkefnislýsingu fyrir breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, dags. 8. febrúar 2017. Breytingin felst í innleiðingu Borgarlínu, nýju hágæðakerfi almenningsamgangna, í svæðisskipulag.

Framlögð verklýsing svæðisskipulagsbreytingar samþykkt, sbr. 1. mgr. 23. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting vegna Borgarlínu, verklýsing Mál nr. SN170149

Lagt fram bréf svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 14. febrúar 2017 ásamt sameiginlegri verklýsingu fyrir breytingar á aðalskipulagsáætlunum Garðabæjar 2004-2016, Hafnarfjarðar 2013-2025, Kópavogsbæjar 2012-2024, Mosfellsbæjar 2011-2030, Reykjavíkurborgar 2010-2030 og Seltjarnarnesbæjar 2006-2024, dags. febrúar 2017. Breytingin felst í innleiðingu Borgarlínu, nýju hágæðakerfi almenningsamgangna í aðalskipulag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Framlögð verklýsing aðalskipulagsbreytingar, samþykkt, sbr. 1. mgr. 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9.35 tekur Guðfinna J. Guðmundsdóttir sæti á fundinum.

4. Vesturgata 30, breyting á deiliskipulagi (01.131.2) Mál nr. SN170058  
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík  
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Grímu arkitekta ehf., mótt. 24. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 30 við Vesturgötu.

Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli og gera nýja byggingarreiti, fjölgun íbúða úr 3 í 8, niðurrif á viðbyggingu við íbúðarhús og niðurfelling á heimild um hækkun þess, verndun þakhúss og verndun tveggja trjáa á lóðinni, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf., dags. 24. janúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Grensásvegur 1, breyting á deiliskipulagi (01.460.0) Mál nr. SN170057  
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Flötum 23, 900 Vestmannaeyjar  
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar, mótt. 25. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst að byggingarreitur inndreginnar þakhæðar stækkar og ekki er lengur skilyrt að þakhæð sé tæknirými, samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta ehf., dags. 19. janúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

6. Gylfaflöt 6-8 og 10-12, breyting á (02.578.3) Mál nr. SN170105  
deiliskipulagi  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 8. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar 2-14 vegna lóðanna nr. 6-8 og 10-12 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreitum lóðanna um 2 metra inn að Gylfaflöt, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf., 8. febrúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

7. Hlíðarendi 20-26, breyting á (01.629.6) Mál nr. SN170068  
deiliskipulagi Hlíðarenda  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Suðurgötu 4, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 27. janúar 2017, um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á lóð nr. 20-26 við Hlíðarenda, skv. uppdrætti Arkþings, dags. 27. janúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Guðfinna J. Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

8. Fiskislóð 37B, breyting á deiliskipulagi (04.352.3) Mál nr. SN170143  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf., mótt. 15. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar, Vesturhafnar, vegna lóðarinnar nr. 37B við Fiskislóð. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli og hækkun á hámarkshæð bygginga, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 23. janúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

9. Smiðshöfði 19, breyting á deiliskipulagi (04.061.4) Mál nr. SN160935  
551211-0100 Billboard ehf., Lyngási 11, 210 Garðabær  
571008-2030 Breiðás ehf, Brúnastöðum 73, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Breiðás ehf., mótt. 11. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 19 við Smiðshöfða. Í breytingunni felst að heimilað verði að hafa LED skjá á gafli hússins.

Frestað.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

10. Bústaðavegur 151-153, (01.826.1) Mál nr. SN150638  
deiliskipulagsbreyting, lýsing  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Kynnt drög að tillögu Landslags ehf. og Arkís arkitekta ehf., dags. 17. febrúar 2017 að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bústaðaveg 151-153. Í breytingunni felst uppbygging atvinnuhúsnæðis á þremur lóðum þar sem nú er Bústaðavegur 151.

Þráinn Hauksson fulltrúi Landslags kynnir.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

### **(B) Byggingarmál**

11. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 912 frá 21. febrúar 2017.

### **(C) Fyrirspurnir**

12. Dugguvogur 6, (fsp) LED skjár á þak (01.454.0) Mál nr. SN160939  
641106-1430 Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Öryggisfjarskipta ehf., mótt. 12. desember 2016, um breytingu á deiliskipulagi eða eftir atvikum nýju deiliskipulagi þar sem heimilað verði að hafa LED skjá á þaki fasteignarinnar að Dugguvogi 6.

Frestað.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Bergstaðastræti 27 og 29, (fsp) (01.184.4) Mál nr. SN160767  
uppbygging  
081241-4499 Gestur Ólafsson, Garðastræti 15, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gestis Ólafssonar f.h. eigenda/lóðarhafa Bergstaðastrætis 27 og 29, mótt. 14. október 2016, varðandi uppbyggingu á lóðunum nr. 27 og 29 við Bergstaðastræti, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf., dags. 29. apríl 2016. Einnig lagt fram bréf hönnuðar, dags. 12. október 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 20. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2017. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2017 samþykkt.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

14. Miklabraut við Klambratún, strætórein ofl., kynning Mál nr. US170062
- Kynnt drög að tillögu Landslags dags. 9. febrúar 2017 að forgangsrein og stígum á Miklubraut við Klambratún.  
Þráinn Hauksson fulltrúi Landslags kynnur
- Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
15. Vogabyggð göngubrú eða undirgöng -, Mál nr. US170063
- Kynnt frumdrög að göngubrú eða undirgöngum við Sæbraut við Snekkjuvog.  
Kynnt.
- Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
16. Suðurlandsbraut -, hjólastígur Mál nr. US170065
- Kynnt drög verkfræðistofunnar Eflu dags 20. febrúar 2017 að hjóla- og göngustíg við Suðurlandsbraut frá Engjavegi að Langholtsvegi.  
Kynnt.
- Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
17. Eiríksgata 3, Hnitbjörg, stöðubann Mál nr. US170067
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgögnustjóra dags. 14. febrúar 2017 að sett verði stöðubann í akstursaðkomu að Eiríksgötu 3 (Hnitbjörg).  
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
18. Hverfisgata, Stöðubann við norðurkant Hverfisgötu frá Snorrabraut Mál nr. US170069
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgögnustjóra dags. 21. febrúar 2017 að bannað verði að stöðva ökutæki við norðurkant Hverfisgötu frá Snorrabraut að Lækjargötu á þeim hluta hennar sem ekki eru afmörkuð bílastæði.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (F) Framkvæmdir og frumathuganir

19. Laugalækjarskóli, brettagarður Mál nr. US170058

Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds vegna brettagarðs við Laugalækjarskóla.  
Vísað til umsagnar hjá Hverfisráði Laugardals, íbúasamtökum Laugardals og Laugalækjarskóla.

Ólafur Ólafsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

#### (D) Ýmis mál

20. Ársskýrsla byggingarfulltrúa, Ársskýrsla 2016 Mál nr. US170068

Lögð fram til kynningar ársskýrsla byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir árið 2016.  
Kynnt.

21. Hverfisskipulag, staðan Mál nr. US170060

Kynnt staðan á vinnu við Hverfisskipulag.  
Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Fiskislóð-Grandagarður, ósk um umsögn (01.087) Mál nr. SN160942  
um tillögu að skipulagi  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Faxaflóahafna sf., dags. 9. desember 2016, vegna eftirfarandi bókkunar frá fundi Faxaflóahafna sf. s.d. varðandi tillögu Batterísins arkitekta ehf., dags. 2. nóvember 2016, um skipulag við Fiskislóð-Grandagarð, "Hafnarstjórn gerir fyrirvara um nýtingarhlutfall, byggingarmagn og byggðamynstur. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2017 samþykkt.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Mál nr. US170046  
Sjálfstæðisflokksins um hvernig áætlað sé, vaxandi umferðapungi

Á fundi borgarráðs 22. desember 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn um hvernig áætlað sé að takast á við vaxandi umferðapunga.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir furðu á ummælum formanns umhverfis- og skipulagsráðs yfir umferðarmálum í Reykjavík sem lesa má í Morgunblaðinu í dag. Má af þeim ummælum skilja að

Óþarfi sé að gera bragarbót á umferðarmannvirkjum í Reykjavík vegna þess að þau séu svo mikið notuð af ferðamönnum. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvað meirihluti Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna hyggst gera til að takast á við sívaxandi umferðarpunga á götum Reykjavíkur, sérstaklega helstu flutningsæðum. Sérstaklega er verið að spyrja um hvað á að gera varðandi umferð einkabíla sem er yfir 80% af heildarumferðinni. Tilfni er til að spyrja um þetta eftir gagnrýni vegamálastjóra á að þótt fjármagn sé til staðar af hálfu ríkisins til að bæta umferðarmannvirki s.s. á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar þá heimilar meirihlutinn ekki slíkar framkvæmdir þótt þær geti bætt umferð verulega.

Einnig lagt fram svar fulltrúa meirihluta umhverfis- og skipulagsráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir, þakka meirihlutanum fyrir að hafa tekið saman á eitt A4 blað yfirlit yfir samninga og stefnur sem ætlað er sem svar við fyrirspurn um hvernig meirihlutinn hyggst takast á við vaxandi umferðarpunga. Þó verður að segjast að svar meirihlutans svarar engu efnislega um það sem spurt er um. Spurningin er um hvernig meirihlutinn hyggst takast á við vandamál sem er vaxandi í umferðarmálum borgarinnar. Bent er á samkomulag við önnur sveitarfélög, Vegagerð o.s.frv. Ábyrgðinni er vísað annað eins og í fleiri málum hjá meirihlutanum í borgarstjórn.

24. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í desember 2016.

25. Bárugata 23, kæra 16/2017, umsögn (01.135.5) Mál nr. SN170089  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. febrúar 2017 ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á lóð nr. 23 við Bárugötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. febrúar 2017.

26. Breiðholtsbraut, deiliskipulag, göngubrú (04.6) Mál nr. SN150224  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um tillögu að deiliskipulagi opins svæðis milli Seljahverfis og Efra-Breiðholts þar sem gerð er göngubrú yfir Breiðholtsbraut.

27. Fylkisvegur 6, íþróttasvæði Fylkis, (04.363) Mál nr. SN160968  
breyting á deiliskipulagi  
410604-3370 Erum Arkitektar ehf., Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu vegna breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fylkis, að Fylkisvegi 6.

28. Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39, (01.295.4) Mál nr. SN150628  
deiliskipulag  
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

580815-1110 iborg ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. að svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna bréfs Skipulagsstofnunar varðandi Grensásveg 16A og Síðumúla 37-39.

29. Háskólinn í Reykjavík, breyting á (01.751) Mál nr. SN160110  
deiliskipulagi  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskólann í Reykjavík.

30. Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og (01.141.2) Mál nr. SN160497  
Skólalabú 2, breyting á deiliskipulagi  
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík  
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna samþykkis um auglýsingu á í B-deild á lagfærðum uppdrætti varðandi breytingar á deiliskipulagi Kvosarinnar, lóðanna að Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalabú 2.

31. Norðurstígur 3, breyting á deiliskipulagi (01.132.0) Mál nr. SN160888  
611211-1390 M3 Capital ehf., Laugarásvegi 69, 104 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu vegna breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits, lóðarinnar að Norðurstíg 3.

32. Reykjavíkurflugvöllur, breyting á (01.6) Mál nr. SN160700  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar.

33. Reitur 1.181.0 v/ Týsgata 8A, breyting á (01.181.0) Mál nr. SN170066  
deiliskipulagsskilmálum

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu varðandi breytingu á deiliskipulagsskilmálum fyrir reit 1.181.0, lóðinni að Týsgötu 8.

34. Aðalskipulagsbreyting, stefna um (01.181.0) Mál nr. SN160793  
íbúðarbyggð, heimildir um fjölda íbúða,  
lýsing

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. febrúar 2017, um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna stefnu varðandi íbúðarbyggð og heimildir um fjölda íbúða.

35. Fyrirspurn fulltrúa (01.181.0) Mál nr. US170070  
Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs,

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Gardarssonar.

Samkvæmt skýrslu um framfylgd Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 frá því í desember 2016 er áætlað að hlutfall íbúðauppbyggingar hjá húsnæðisfélögum hafi verið 35% 2014-5, sé 39% 2016-7 og muni vera 46% 2018-9. Spurt er hvort eingöngu sé hér um að ræða húsnæðisfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða (e. non-profit). Ef svo er ekki, hve mikill hluti uppbyggingarinnar er á könnu húsnæðisfélaga án hagnaðarsjónarmiða?

Frestað.

### **Fundi slitið kl. 13.55**

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Gísli Garðarsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson  
Guðfinna J. Guðmundsdóttir



## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 21. febrúar kl. 10.10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 912. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson, Eva Geirsdóttir og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- 1. Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN052191  
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688, um er að ræða breytingar sem orðið hafa við fullnaðarhönnun, s.s. breytt stigahús og inngangar, innra skipulag og útlit, stækkun 3. og 4. hæðar, breyttar salarhæðir, auk breytinga á skráningu verslunar og skrifstofuhúanna L1 og T4 á lóð nr. 2 við Austurbakka. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. febrúar 2007 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2017.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2017.
- 2. Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN052169  
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050485, um er að ræða stækkun tæknirýma í neðri kjallara, minni háttar breytingar á útliti og innra skipulagi allra hæða og stækkun 7. hæðar hótels á lóð nr. 2 við Austurbakka. Erindi fylgja greinargerðir um algilda hönnun dags. 22. desember 2016, um eldvarnir dags. 22. desember 2016, um hljóðvist dags. 14. desember 2016 og um hávaðadreifingu frá hafnarstarfsemi í Reykjavík dags. 1. september 2015.  
Stækkun, mhl. 06: xx ferm., xx rúmm.  
Mhl. 11: xx ferm., xx rúmm.  
Mhl. 10: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.  
Er til meðferðar hjá skipulagsfulltrúa.
- 3. Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr.  
BN052392  
620104-2480 Prófastur ehf., Engjateigi 5, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052120 sem felst í því að koma fyrir gaseldun í eldhúsi veitingastaðar ásamt gasgeymslu við gafl húss, auk breytinga í eldhúsi og starfsmannarými, í húsi á lóð nr. 5 við Ármúla. Samþykki meðeigenda í matshluta dags. 25.02.2017 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu

byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. **Ásendi 17** (01.824.107) 108397 Mál nr.  
BN052289  
150466-2029 Khai Van Nguyen, Ásendi 17, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir hurð út úr sökkulrými í kjallara á suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 17 við Ásenda.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. febrúar 2007 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
5. **Ásvallagata 27** (01.162.205) 101263 Mál nr.  
BN051531  
211086-2549 Brynjar Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík  
020371-4399 Steinunn Thorarensen, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík  
240381-7299 Jómar Axel Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti samhliða endurnýjun á þaki, ásamt veggsvölum á bakhlið á 1. og 2. hæð og rishæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Ásvallagötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.  
Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. janúar 2017.  
Erindi var grenndarkynnt frá 6. desember 2016 til og með 9. janúar 2017. Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun A-rými 0 ferm., 102,4 rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Básbryggja 51** (04.024.102) 178662 Mál nr.  
BN052370  
121046-2029 Þorbjörn Sigurðsson, Básbryggja 51, 110 Reykjavík  
200349-3189 Íris Edda Ingvadóttir, Básbryggja 51, 110 Reykjavík  
Sótt er um áður gerðar breytingar annars vegar sem felast í því að íbúð 0303 og 0304 voru sameinaðar í eina og hins vegar nýja breytingu sem felst í því að rými 0402 og 0403, sem áður tilheyrðu sameinaðri íbúð 0303, tilheyra nú íbúð 0401 og núverandi stigi í íbúð 0303 er fjarlægður í húsi á lóð nr. 51 við Básabryggju.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. febrúar 2007 fylgir erindinu.  
Bréf umsækjanda dags. 07.02.2017 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
7. **Bergstaðastræti 45** (01.184.401) 102065 Mál nr.  
BN052167  
090667-4839 Helgi Hjörvar, Hólavallagata 9, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á herbergjaskipan í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45 við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir bréf með skýringum arkitekts dags. 10. febrúar 2017.  
Gjald kr. 10.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Bergþórugata 13** (01.190.222) 102425 Mál nr.  
BN052354  
660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 0101 í tvær íbúðir í húsi á lóð nr. 13 við Bergþórugötu.  
Samþykki meðeigenda ódags. fylgir á teikningu.  
Gjald kr. 11.000  
Synjað.  
Uppfyllir ekki ákvæði byggingarreglugerðar.
9. **Bíldshöfði 9** (04.062.001) 110629 Mál nr.  
BN052176  
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara, 2., 7., og 8. hæðar ásamt utanhússbreytingum sem felast í að koma fyrir nýjum glugga á norðurhlíð 8. hæðar og nýjum hringstiga frá 8. hæð niður á 7. hæð austanmegin í Dvergshöfða 2, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. febrúar 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2017.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
10. **Bjarnarstígur 12** (01.182.219) 101871 Mál nr.  
BN052182  
230662-2829 Ragnheiður Guðmundsdóttir, Bjarnarstígur 12, 101 Reykjavík  
180863-8189 Karl Jónas Gíslason, Bjarnarstígur 12, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum v/lokaúttektar, sjá erindi BN039938 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 12 við Bjarnarstíg.  
Gjald kr. 10.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr.  
BN052395  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra rými K, L og M þannig að þau verði eitt lagerrými, tekinn verður niður veggur sem hólfar af rýmin og komið fyrir starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.  
Greinargerð brunahönnuðar dags. 13. febrúar 2017 og bréf frá hönnuði dags. 14. feb. 2017 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Blöndubakki 6-20** (04.630.402) 111850 Mál nr.  
BN051799  
540477-0279 Blöndubakki 6-20, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíðar með sléttri 2 mm. þykkri álklæðningu fest á leiðarakerfi úr áli og með 50 mm steinull og þar sem við á er múrhúð löguð og máluð á húsinu á lóð nr. 6 - 20 við Blöndubakka.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 27. janúar 2017, fundargerðir húsfélags dags. 16. og 21. desember 2016.

Einnig lögð fram skrifstofu sviðsstjóra dags. 14. febrúar 2017.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Borgartún 18** (01.221.001) 102796 Mál nr.  
BN052361

581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á suðurhlíð og til að breyta innra skipulagi og fjölga starfsstöðvum á 2. og 3. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 18 við Borgartún.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr.  
BN052229

531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara og innréttu bílapvottastöð, sjá erindi BN047805, en við það fækkar bílastæðum um fjögur í bílageymslu á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Erindi fylgja upplýsingar um efni sem notuð verða.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. **Bókhlöðustígur 2** (01.183.107) 101929 Mál nr.  
BN052200

020676-3539 Þóra Sigurðardóttir, Bókhlöðustígur 2, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að útliti vesturhlíðar kjallara hefur verið breytt, kjallaragluggar hafa verið stækkaðir og syðsti hluti kjallarans hefur verið dýpkaður í húsi á lóð nr. 2 við Bókhlöðustíg.

Stækkun: 16,5 rúmm.

Umsögn Minjastofnunar dags. 25.01.2017 fylgir erindi ásamt bréfi arkitekts dags. 24.01.2017.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

16. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr.  
BN052369

560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar staðsteypta viðbyggingu sem nota á sem geymslu við austurhlíð húss á lóð nr. 18-26 við Dragháls/Fossháls.

Viðbygging: XX ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

17. **Fákafen 11** (01.463.402) 105679 Mál nr.  
BN052384  
620615-1370 Lífrænt bakarí ehf., Hæðasmára 6, 200 Kópavogur  
420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyf til að koma fyrir handverksbakarí í rými 0101 í suð-vestur horni rýmisins og loftræsti röri sem verður leitt út og upp á þak á húsinu á lóð nr. 11 við Fákafen.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. **Fiskislóð 24-26** (01.087.702) 100014 Mál nr.  
BN052320  
430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir gluggum og flóttastiga á vesturgafli og til að innrétta veislusal á 2. hæð og tilheyrandi stoðrými á 1. hæð húss á lóð nr. 24-26 við Fiskislóð.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Fiskislóð 31** (01.089.101) 209683 Mál nr.  
BN052135  
531205-0810 Nova ehf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík  
